




**SJÓÐIR**  
**SEM STYÐJA VIÐ**  
**SÍ- OG ENDURMENNTUN**  
**KENNARA, RÁÐGJAFNA**  
**OG STJÓRNENDA**  
**Í**  
**LEIK-, GRUNN- OG**  
**TÓNLISTARSKÓLUM**



# Grunnskólinn

## **Verkefna- og námsstyrkjasjóður FG og SÍ (Vonarsjóður)**

Markmið sjóðsins er að styðja við sí- og endurmenntun kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla.

Atvinnurekendur greiða mánaðarlega í sjóðinn upphæð sem nemur 1,72% af dagvinnulaunum kennara, ráðgjafa og stjórnenda í grunnskólum.

Aðild að sjóðnum eiga kennarar, ráðgjafar og stjórnendur í grunnskólum, sem eru félagsmenn í FG eða SÍ.

Hægt er að sækja um:

- Styrki til að sækja námskeið, ráðstefnur og fara í kynnisferðir
- Styrki vegna framhaldsnáms
- Hópstyrki vegna náms- og kynnisferða skóla eða stofnana
- Styrki til aðildar-, svæða- og sérfélaga t.d. vegna faglegra fyrirlestra á haustþingum félaganna
- Styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna
- Námslaun í allt að 12 mánuði
- Ferðastyrki í tengslum við námslaun

Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.ki.is](http://www.ki.is).

## **Endurmenntunarsjóður grunnskóla**

Markmið sjóðsins er að veita fé til endurmenntunar kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskólans.

Framlög í sjóðinn eru ákveðin í fjárlögum. Árið 2009 nam framlag til sjóðsins 23,7 milljónum króna.

Þeir sem hyggjast standa fyrir sí- eða endurmenntun kennara, námsráðgjafa eða stjórnenda grunnskólans geta sótt um framlög úr sjóðnum, t.d. skólaskrifstofur, sveitarfélög, skólar, kennaramenntunar-stofnanir, félög og fyrirtæki.

Samband íslenskra sveitarfélaga sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.samband.is](http://www.samband.is).

## Námsleyfasjóður

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslega afkomu kennara, námsráðgjafa og stjórnenda grunnskóla í námsleyfi.

Atvinnurekendur greiða mánaðarlega í sjóðinn upphæð sem nemur 1,3% af dagvinnulaunum kennara, ráðgjafa og stjórnenda í grunnskólum.

Aðild að sjóðnum eiga kennarar, ráðgjafar og stjórnendur í grunnskólum, sem eru félagsmenn í FG eða SÍ.

Hægt er að sækja um námslaun í 3, 6 eða 12 mánuði.

Samband íslenskra sveitarfélaga sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.samband.is](http://www.samband.is).

.

# Leikskólinn



## Vísindasjóður Félags leikskólakennara

Markmið sjóðsins er að tryggja fjárhagslegan grundvöll sí- og endurmenntunar fyrir leikskólakennara í tengslum við störf þeirra.

Atvinnurekendur greiða mánaðarlega í sjóðinn upphæð sem nemur 1,72% af dagvinnulaunum kennara og stjórnenda í leikskólum.

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn í Félagi leikskólakennara, sem taka laun eftir kjarasamningi Launanéfundar sveitarfélaga og FL og sem greitt er fyrir í sjóðinn.

Hægt er að sækja um:

- Styrki til að sækja námskeið og ráðstefnur
- Styrki til hópferða leikskólakennara
- Styrki til framhaldsnáms
- Styrkir til þróunar- og rannsóknastarfa og námsefnisgerðar
- Styrki til að halda námskeið og ráðstefnur fyrir félagsmenn

Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.ki.is](http://www.ki.is).



# Tónlistarskólinn

## Starfsmenntunarsjóður tónlistarkennara

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa. Auk þess að efla námsefnisgerð fyrir tónlistarskóla

Atvinnurekendur greiða mánaðarlega í sjóðinn upphæð sem nemur 1,72% af dagvinnulaunum kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn í Félagi tónlistarskólakennara og Félagi íslenskra hljómlistarmanna, sem taka laun eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við þessi félög og sem greitt er fyrir í sjóðinn.

Hægt er að sækja um:

- Námslaun í allt að 12 mánuði
- Styrki vegna námskeiða
- Styrki til námsefnisgerðar og vegna rannsóknar- og þróunarverkefna
- Styrki til hópferða tónlistarkennara

Kennarasamband Íslands sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.ki.is](http://www.ki.is).



# Sjóðir þvert á skólastig

## Sprotasjóður

Markmið sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við reglugerð nr. 242/2009. Sjóðurinn kemur í stað Þróunarsjóðs leik- og grunnskóla.

Framlög til sjóðsins eru ákvörðuð í fjárlögum. Árið 2009 voru ríflega 50 milljónir króna til úthlutunar úr sjóðnum.

Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.rha.is](http://www.rha.is).

## **Próunarsjóður námsgagna**

Hlutverk próunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Framlög til sjóðsins eru ákvörðuð í fjárlögum ár hvert.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um umsýslu sjóðsins, sjá [www.menntamalaraduneyti.is/sjodir-og-eydublod/](http://www.menntamalaraduneyti.is/sjodir-og-eydublod/).

# Nordplus



## **Nordplus Junior**

Markmið sjóðsins er að stuðla að þróun og samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla milli þátttökulandanna.

2009-2010 verður lögð áhersla á samvinnu á eftirfarandi sviðum:

- Loftslagsmál
- Gæði í menntun
- Iðnmenntun
- Heilsu
- Að koma í veg fyrir brottfall
- Frumkvöðlastarfi
- Fjölmenningu í kennslu

Umsóknarfrestur rennur út í byrjun mars ár hvert.

Hægt er að sækja um:

- Styrki til ferða, svo sem nemendaheimsóknir, vegna þjálfunar nema í starfsnámi og kennaraskipti
- Undirbúningsheimsóknir
- Samstarfsnet
- Próunarverkefni

## **Nordplus Horizontal**

Markmiðið er að stuðla að samvinnu á milli sviða menntageirans og styðja samstarfsnet og verkefni sem ná til fleiri en einnar undiráætlana Nordplus.

Árið 2009 verður sérstök áhersla á eftirfarandi svið og þemu: Samvinna sem nær til fleiri en einnar undiráætlana Nordplus í tengslum við áherslur hvarrar áætlunar fyrir sig. Samvinna sem nær til a.m.k. tveggja undiráætlana Nordplus á sviði gæðamála og nýsköpunar í menntakerfum þáttökulandanna með sýmenntun í huga.

Samvinna sem nær til fleiri en einnar undiráætlunar Nordplus um kennaramenntun og uppeldisaðferðir á sviði grunn- og framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu, háskólamenntunar, rannsókna, fyrirtækja og félagasamtaka.

Umsóknarfrestur rennur út í byrjun mars ár hvert.

## **Norræna tungumála- og menningaráætlun Nordplus 2008-2011**

Meginmarkmið Norrænu tungumála- og menningaráætlunar Nordplus á árunum 2008-2011 eru:

- Að styrkja málskilning og þá sérstaklega skilning á grannmálunum (dönsku, norsku og sænsku).
- Að auka áhuga, þekkingu og skilning á norrænni menningu, málum og lífsháttum.

Stuðningur Tungumála- og menningaráætlunar Nordplus beinist að eftirfarandi sviðum:

- Námsferðir: Nemenda- og starfsmannaskipti á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Verkefni:
  - fræðsla fyrir almenning.
  - máltækni
  - námskeiðahald
  - orðabóka- og íðorðavinna
  - rannsóknir
  - ráðstefnur
  - útgáfur
  - þróun og útgáfa námsgagna og námsefnis
- Samstarfsnet: Stofnun samstarfsneta á sviði norrænna mála

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir nánari upplýsingar um Nordplus, sjá [www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is) og [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is).

# Menntaáætlun ESB



## *Lifelong learning programme*

### **Comenius**

Miðar að því að koma á gæðastarfi í skólum og tryggja Evrópuvitund í menntun. Styrkt eru fjölþjóðleg samstarfsverkefni við skóla víðs vegar í Evrópu. Einnig er lögð áhersla á að auka möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar kennara og efla tungumálanám á öllum skólastigum

Comenius snýr að leik-, grunn-, og framhaldsskólastiginu og miðar að þátttöku allra þeirra er að skólamenntun koma, þ.e. stjórnenda, kennara, nemenda, starfsmanna skóla, yfirvalda, foreldrasamtaka o.fl.

### COMENIUS SKIPTIST Í EFTIRFARANDI ÞÆTTI

- Evrópskt skólasamstarf milli tveggja (tvíhliða) eða fleiri skóla
- Undirbúningsheimsóknir og tengslaráðstefnur
- Endurmenntun kennara
- Aðstoðarkennslu
- Þjálfun kennaranema
- Þróun námsefnis og námskeiða
- Comeniusarnet

Styrkir eru veittir til kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi til að sækja fjölþjóðleg endurmenntunarnámskeið í frá einum degi í allt að 6 vikur. Einnig er möguleiki á að sækja um að fara og fylgjast með starfi í skóla í Evrópu. Upplýsingum um endurmenntunarnámskeið fyrir kennara og skólafólk í þáttökulöndum er að finna í námskeiðsgagnagrunni Comeniusar. Einnig er hægt að sækja námskeið að eigin vali í sínu fagi.

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og Landsskrifstofa Leonardo á Íslandi veita nánari upplýsingar um styrki Menntaáætlunar ESB, sjá [www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is) og [www.leonardo.is](http://www.leonardo.is).

### **Cedefop – námsheimsóknir**

Umsóknarfrestir fyrir námsheimsóknir skólaárið 2010 – 2011 eru tveir. Fyrri umsóknarfrestur fyrir tímabilið september 2010 - febrúar 2011, er 31. mars 2010, og seinni umsóknarfrestur fyrir mars - júní 2011, er 15. október 2010. Sjá nánar á <http://lme.is/page/namsheimsoknir> og <http://www.cedefop.europa.eu/EN/publications/15186.aspx>



**Samband íslenskra sveitarfélaga**

**Febrúar 2010**